

SAMVINNA  
ÁBYRGÐ  
FJÖLBREYTILEIKI  
VELLÍÐAN  
ÁRANGUR

Ábyrgð, samvinna, fjölbreytileiki, vellíðan og árangur



SKÓLA

ÆSKULÝÐSSTEFNA

VESTMANNAEYJABÆJAR

## Efnisyfirlit

Ávarp	3
Formáli	4
Stefna um skóla- og æskulýðsmál	6
Hlutverk	16
Framtíðarsýn	17
Markmið	18
Forysta og lýðræðisleg þátttaka	18
Nám og kennsla	19
Náms- og starfsumhverfi	20
Heilsa og líðan	20
Samskipti	22
Ræktun mannauðs	22
Áherslur	24

# ÁGÆTU BÆJARBÚAR

Mennt er máttur. Framtíðin er barnanna okkar. Börnin eru helsta auðlind hvers bæjarfélags. Nám í hvaða mynd sem er ræður mestu um hvernig til tekst um framtíð barnanna. Það er hornsteinninn.

Bæjarstjórn lét gera úttekt á öllum skólastigum Vestmannaeyjabæjar. Samhliða var gerð úttekt á íþrótt- og æskulýðsmálum bæjarins. Markmiðið var að fá glögga mynd af skólunum og samfélaginu. Úttektin var gerð í samráði við Menntamálaráðuneytið og Skóla-þróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Skýrslu var skilað í maí 2005. Í framhaldi af henni var sett á laggirnar verkefnisstjórn sem skilaði af sér metnaðarfullri Skóla- og æskulýðsstefnu fyrir Vestmannaeyjabæ, sem hefur verið samþykkt í bæjarstjórn. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem svona stefna er unnin og birt á þennan hátt. Hér er því frumkvöðlastarf að ræða.

Það er nauðsyn hverju bæjarfélagi að vera meðvitað um stöðu sína og þróun mála – vera sífellt tilbúið að endurskoða sig og mæta hinum hröðu breytingum nútímans. Við getum ekki staðið í stað meðan allt þjóðfélagið er á fleygiferð. Það þýddi aðeins stöðnun og afturför.

Markmið nýrrar skóla- og æskulýðsstefnu er að samfélagið sé jafnan tilbúið til að aðlaga sig nýjum og breyttum aðstæðum. Fjölskyldan verði ávallt í fyrirrúmi.

Eitt helsta markmið nýrrar skólastefnu er að sem flest grunnskólabörn ljúki skóla-, list- og íþróttastarfi á sama tíma og foreldrar ljúka sínum vinnudegi. Það gefur fjölskyldunni meiri tíma til samveru. Það er lykilatriði í gæðasamfélagi.

Velmegun og lífsánægja fólks helst í hendur við aukið og fjölbreytt framboð menntunar í hvaða mynd sem er. Skólastefnan á að tryggja þetta framboð. Stefnan á ætíð að vera í endurskoðun. Markmið bæjaryfirvalda er að koma skólunum í forystuhlutverk á landsvisu. Fyrsta skrefið hefur verið stigið.

Að lokum vil ég fyrir hönd bæjarstjórnar þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við vinnslu þessarar skóla- og æskulýðsstefnu, sem þér ágæti bæjarbúi berst nú í hendur.

Lúðvín Bergmann  
forseti bæjarstjórnar



## Formáli

Með yfirtöku alls reksturs grunnskóla árið 1996 sköpuðust skilyrði fyrir hvert og eitt sveitarfélag að móta heildstæða skólastefnu fyrir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Árið 1998 var slík skólastefna samþykkt í bæjarstjórn fyrir Vestmannaeyjabæ. Frá þeim tíma hefur nokkurt vatn runnið til sjávar og hafa m.a. nýjar aðalnámskrár fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla tekið gildi. Því var nauðsynlegt að endurskoða stefnuna og gera hana öllum hagsmunaaðilum meðvitaða og aðgengilega.

Til að annast þessa endurskoðun skipaði bæjarstjórn í júní 2005 verkefnisstjórn sem ásamt verkefnisstjóra skyldi vinna upp nýja skóla- og æskulýðsstefnu fyrir Vestmannaeyjabæ. Í verkefnisstjórnina voru skipaðir fulltrúar frá leikskólakennurum, grunnskólakennurum, Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum og foreldrafélögum leik- og grunnskólanna, æskulýðsfélögum auk fulltrúa úr bæjarstjórn. Í verkefnisstjórninni sátu Bergur E. Ágústsson formaður, Björn Elíasson, Sigríður Diljá Magnúsdóttir, Elsa Valgeirsdóttir, Helga Björk Ólafsdóttir sem um áramót kom í stað Elliða Vignissonar en hann óskaði eftir því að verða leystur frá störfum í nefndinni, Jóhann Guðmundsson, Ólafur Lárusson, Páll Scheving, Magnús Matthíasson og Ragnar Óskarsson.

Trausti Þorsteinsson frá skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri var ráðinn sem verkefnisstjóri. Að auki störfuðu með verkefnisstjórn Erna Jóhannesdóttir fræðslufulltrúi, sem var ritari verkefnisstjórnar og Andrés Sigurvinsson framkvæmdastjóri fræðslu- og menningar- sviðs ásamt tveim starfsmönnum skólaþróunarsviðs.

Tilgangur skóla- og æskulýðsstefnu er að samhæfa áherslur og renna styrkari stoðum undir skóla- og æskulýðsstarf í bæjarfélaginu svo börn og unglingar fái notið bestu uppeldisskilyrða og menntunar og þau mótist sem ánægðir, ábyrgir og virkir þjóðfélagsþegnar. Við gerð fjárhags- og starfsáætlana bæjarfélagsins hverju sinni verður tekið mið af þeim áherslum sem í stefnunni birtast auk þess sem skólamálaráð, menningar- og tómstundaráð og starfsmenn fræðslu- og menningarsviðs munu fylgja henni eftir í samvinnu við viðkomandi stofnanir.

Við gerð skóla- og æskulýðsstefnunnar var leitað til hagsmunaaðila. Haldnir voru stefnumótunarfundir með fulltrúum nemenda og foreldra, kennurum, forystumönnum æskulýðsfélaga auk fulltrúa stjórnýslu bæjarins. Auk þess var boðað til opinna kynningarfundar þar sem gestum bauðst að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum. Fjölmennur hópur fólks hefur þannig komið að stefnumótuninni og lagt sitt lóð á vogarskálar hennar en á stefnumótunarfundum safnaðist mikið safn gagna sem lögðu grunn að þeirri stefnu sem hér er kynnt.

Uppsetning stefnunnar er með þeim hætti að fyrst er gerð grein fyrir ákveðnum áherslum sem liggja til grundvallar henni. Þá er gerð grein fyrir meginhlutverki skóla- og æskulýðsfélaga. Því næst er kynnt framtíðarsýn bæjarfélagsins í skóla- og æskulýðsmálum þar sem lýst er með orðum kjörmynd af framtíðinni sem verður um leið viðmiðun og leiðarljós fyrir starfsemina. Á grundvelli sýnarinnar eru sett fram meginmarkmið stefnunnar í sex flokkum: a) forysta og lýðræðisleg þátttaka, b) nám og kennsla, c) náms- og starfsumhverfi, d) heilsa og líðan, e) samskipti og f) ræktun mannauðs. Í lokin eru svo settar fram áherslur, sem stuðla eiga að því að markmiðin náist og bæjarfélagið mun af sinni hálfu vinna að.

Verkefnisstjórn vill hér með koma á framfæri þakklæti til allra þeirra er að stefnumótuninni hafa komið, fyrir árangursríkt starf sem fært hefur Vestmannaeyjabæ heildstæða og metnaðarfulla skólastefnu.

  
formaður Verkefnisstjórnar

**Tilgangur skóla- og æskulýðsstefnu er að samhæfa áherslur og renna styrkari stoðum undir skóla- og æskulýðsstarf í bæjarfélaginu svo börn og unglingar fái notið bestu uppeldisskilyrða og menntunar og þau mótist sem ánægðir, ábyrgir og virkir þjóðfélagsþegnar.**



# STEFNA UM SKÓLA- OG ÆSKULYÐSMÁL

Skólafélag Vestmannaeyjabæjar er reist á fimm kjörorðum. Þessi kjörorð eru:

Ábyrgð

Samvinna

Fjölbreytileiki

Velliðan

Árangur

Á þeim eru framtíðarsýn og markmið stefnunnar grundvölluð. Öll vísa kjörorðin til áherslna sem bæjarfélagið vill að séu haldin í heiðri í skóla- og æskulýðsstarfi í Vestmannaeyjabæ og taka jafnt til starfs nemenda, kennara, leiðbeinenda og þjálfara.

Með skóla- og æskulýðsstefnu sinni áréttar Vestmannaeyjabær að starf skóla, þ.e. leik-, grunn- og tónlistarskóla, og æskulýðsfélaga, taki mið af þörfum einstaklinganna og að komið sé í veg fyrir hvers konar mismunun. Tilgangurinn er að leggja grunn að farsælli framtíð barna og unglinga. Því leggi skólar og æskulýðsfélög áherslu á framsækið starf sem ávallt er í fremstu röð. Framsækið starf einkennist af fjölbreytileika, samvinnu og velliðan þar sem ábyrgð og árangur er í brennidepli.

Í skóla- og æskulýðsstefnu Vestmannaeyjabæjar hefur æskulýðsstarf víða merkingu. Það tekur til þátttöku barna og ungmenna í íþrótt-, æskulýðs- og félagsstarfi af ýmsu tagi. Íþróttir, skátastarf, starf í félagsmiðstöð, kristilegt æskulýðsstarf og hvers konar skipulagt tómstundastarf af hálfu stofnana, félaga eða félagasamtaka fellur hér undir. Þegar rætt er um æskulýðsfélög er átt við þau íþrótt-, æskulýðs- og tómstundafélög í Vestmannaeyjum sem bjóða upp á starf með börnum og ungmönnum.



## Kennsla

Í leikskólum og grunnskólum er unnið að því í samvinnu við heimilin að búa ungmenni undir líf og starf. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og kveða lög um leikskóla og grunnskóla á um að stuðla skuli að sem eðlilegustum tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla.<sup>1</sup> Hlutverk tónlistarskóla felst hins vegar í því að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öfluglu tónlistarlífi.<sup>2</sup> Í starfi leik-, grunn- og tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum nemendum.

Öll góð kennsla í skólunum byggist á sömu undirstöðuatriðum kennslufræða þar sem námskrágerð er lykilatriði. Námskrá skilgreinir, stjórnar og samhæfir það sem nemendum er ætlað að læra og er vegvísir sem segir til um tilgang náms, hvernig er kennt og nám metið. Kennslan byggir á þremur þáttum, undirbúningi, framkvæmd og mati þar sem fjallað er um hvað á að kenna, hverjum, hvernig og hvar.<sup>3</sup> Börn eru eins ólík og þau eru mörg. Það er verkefni skólans og kennaranna að mæta þörfum þeirra og mennta þau öll á árangursríkan hátt án þess að til félagslegs aðskilnaðar komi. Þau hafa mismunandi þarfir en öll hafa þau þörf fyrir að þrífast og ná árangri. Til að svo megi verða þarf þeim að standa til boða vel skipulögð og metnaðarfull kennsla og fjölbreytt tilboð um félagsstarf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Veigamikill hluti af því að gera inntak námsgreina og viðfangsefna merkingarbær og aðgengileg er að gera sér grein fyrir einstaklingsþörfum nemenda og skipuleggja nám hvers og eins



þannig að hann sé hverju sinni að fást við verðug verkefni sem leiða til árangurs, skipta hann máli og búa hann undir framtíðina. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda er því að finna leiðir til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda;<sup>4</sup> getu, áhuga og mismunandi þjóðerni. Til að þetta megi takast þarf að ríkja sveigjanleiki í starfs- og kennsluháttum og fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á því að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár.

Kennarar leik-, grunn- og tónlistarskóla eru fagmenn sem eru reiðubúnir til að takast á við síbreytilegar kröfur samfélagsins til menntunar og gegna þar af leiðandi hlutverki við að skilgreina kröfur til góðra skóla og þar með til sín sjálfra sem fagmanna. Hugmyndir um fagmennsku gera kröfur um stöðugt nám og að kennarar lagi starf sitt að niðurstöðum rannsókna. Þær kalla á sköpun nýrrar þekkingar á skólum þar sem starfsmenn ígrunda stöðugt starf sitt í því skyni að afla nýrrar þekkingar til að bæta það.<sup>5</sup> Kennarar verða að kunna svo til verka að þeir geti kennt nemendum á ýmsum aldri, áhugasömum nemendum jafnt sem áhugalitlum og nemendum sem eru ólíkir að námsgetu og þroska. Þeir þurfa því að hafa á valdi sínu þekkingu til að skipuleggja nám ólíkra einstaklinga og beita til þess fjölbreyttum aðferðum.

Fagmennska kennara byggist á settum markmiðum og samstarfi við samkennara, nemendur og foreldra. Sérhver kennari þarf að geta rökstutt og metið sína eigin kennslu. Hann þarf að vera opinn fyrir gagnrýni og tilbúinn til að endurskoða starf sitt til að gera betur. Gagnrýnið sjálfsmat og ígrundun er ein af veigamestu undirstöðum sérþekkingar hans, bæði sú ígrundun sem hann beitir á vettvangi og sú sem hann beitir að loknu verki.

Aðalsmerki góðs kennara er að hafa barnið eða unglinginn í brennidepli og líta á hvern nemanda sem einstakling. Hann hugar að tilfinningum þeirra og viðhorfum og eflir siðgæði þeirra. Hann stuðlar að frjórri hugsun nemenda, sjálfstæðum vinnubrögðum, fjölbreyttri tjáningu og skilningi þeirra á sjálfum sér og umhverfinu en ekki síður að leikni þeirra og færni til að takast á við margvísleg verkefni. Kennarar þurfa annars vegar að hafa í huga markmið sem beinast að samfélaginu og menningararfinum og hins vegar markmið sem höfða til nemandans sem einstaklings.<sup>6</sup>

**Æskulýðsfélög eru mikilvægir aðilar við að byggja upp verndarþætti í uppveiti hvers einstaklings. Þau þurfa því að hafa skýra forvarnarstefnu og áætlun um hvernig unnið er eftir henni.**



## Æskulýðsstarf

Þátttaka ungs fólks í skipulögðu æskulýðsstarfi hefur mikið uppeldislegt gildi, eykur mannauð og eflir lýðræðislega hugsun. Það kennir fólki að vinna saman og taka ákvarðanir í samstarfi við aðra. Í öðru lagi hefur æskulýðsstarf forvarnargildi en rannsóknir<sup>7</sup> sýna að þeim nemendum sem taka virkan þátt í starfsemi æskulýðsfélaga hættir mun síður til óæskilegrar hegðunar og vanlíðunar en þeim sem taka ekki þátt. Skipulagt æskulýðsstarf skapar aukna festu í lífi ungmenna og umgjörð utan um jafningjasamskiptin og jafningjameninguna. Í þriðja og síðasta lagi er skipulagt æskulýðsstarf mikilvægur hluti af þeirri þjónustu sem boðið er upp á í sérhverju byggðarlagi. Það er í senn vettvangur fyrir afþreyingu og félagsleg samskipti við jafnaldra en hvort tveggja er ungu fólki lífsnauðsyn.<sup>8</sup>

Hver einstaklingur býr annars vegar við vernd og hins vegar áhættu. Viðtæk vernd í æsku er talin auka líkur á að börn og ungmenni geti tekist á við mótlæti þegar fram líða stundir, jafnvel þegar mótlætið birtist óvænt og óverðskuldað. Æskulýðsfélög eru mikilvægir aðilar við að byggja upp verndarþætti í uppveiti hvers einstaklings. Þau þurfa því að hafa skýra forvarnarstefnu og áætlun um hvernig unnið er eftir henni. Slík stefna þarf að vera sýnileg og hana þarf að móta í nánú samstarfi við foreldra og þátttakendur. Þannig verður unga fólkið sér betur meðvitað um gildi þau sem sett eru starfinu. Þar með verður verndargildi starfseminnar einnig ljósara.<sup>9</sup>

Fræðsla verður að vera hluti forvarnarstefnunnar, bæði bein fræðsla og óbein. Sérhver þjálfari, leiðbeinandi eða forystumaður þarf að gera sér grein fyrir hlutverki sínu sem fyrirmynd og fræðari og félögin þurfa að hlúa að menntun í formi námskeiða og fræðslufunda. Auk fræðslu sem stendur til boða af hálfu landssamtaka íþrótt- og æskulýðsfélaga má sækja þekkingu til stofnana og einstaklinga í Eyjum, s.s. heilbrigðisstofnana, lögreglu og skóla.

**Æskulýðsfélög eru mikilvægir aðilar við að byggja upp verndarþætti í uppveiti hvers einstaklings. Þau þurfa því að hafa skýra forvarnarstefnu og áætlun um hvernig unnið er eftir henni. Slík stefna þarf að vera sýnileg og hana þarf að móta í nánú samstarfi við foreldra og þátttakendur.**



## Listir

Listir eru ráðandi í upplýsingamiðlun nútímans og eru einn helsti miðill áhrifa í samtímanum. Öll listgreinakennsla miðar að því að þroska sköpunargáfu, efla sjálfsvitund og auka menningarskilning nemenda. Nemendum lærist að tjá tilfinningar jafnframt því að virða tilfinningar annarra og túlkun þeirra.<sup>10</sup> Listir eru eitt af námskrárbundnum viðfangsefnum leik- og grunnskóla. Því er mikilvægt að leita leiða til að auka samstarf leikskóla og grunnskóla og Listaskóla eða einstakra deilda hans.

Haustið 1997 hóf Listaskóli Vestmannaeyja starfsemi sína en fyrir þann tíma var Tónlistarskóli Vestmannaeyja starfræktur sem sjálfstæð stofnun. Markmiðið með stofnun Listaskólans var að efla framboð listnáms og sameina alla listfræðslu á vegum bæjarfélagsins í eina stofnun, Tónlistarskólann þar með. Hlutverk Listaskóla Vestmannaeyja er að bjóða upp á námskeið eða lengra nám í listgrein eða listgreinum, hver eftir áhuga sínum og hæfileikum.

Tónlistarskólinn er kjarninn í starfsemi Listaskólans með fastráðna kennara. Tónlistarnám í Vestmannaeyjum byggir á langri hefð og starfsemi Tónlistarskóla Vestmannaeyja hefur lagt grunninn að því tónlistarnámi sem fram fer í bæjarfélaginu. Hlúa þarf að því starfi sem fram fer í Tónlistarskólanum um leið og leitað er leiða til að efla samstarf skólans við bæði leik- og grunnskólann. Jafnframt ber að stefna að því að auka samvinnu við listamenn í öðrum listgreinum um kennslu á námskeiðum Listaskólans. Skal jöfnum höndum lögð áhersla á að nýta þá hæfni og þekkingu sem fyrir er í bænum og að fá gestakennara til þess að miðla sérþekkingu sem ekki er til staðar. Með því móti vill Vestmannaeyjabær undirstrika mikilvægi listar og listiðkunar og skapandi náms og starfs.

**Listir eru ráðandi í upplýsingamiðlun nútímans og eru einn helsti miðill áhrifa í samtímanum.**

**Öll listgreinakennsla miðar að því að þroska sköpunargáfu, efla sjálfsvitund og auka menningarskilning nemenda.**

**Nemendum lærist að tjá tilfinningar jafnframt því að virða tilfinningar annarra og túlkun þeirra.**



## Samstarf við heimili

Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir hjá foreldrum en hlutverk skóla er að annast formlega fræðslu og taka þátt í félagsmótun barna og unglunga. Þessi sameiginlega ábyrgð heimila og skóla kallar á nán tengsl og felur í sér nauðsyn endurskoðunar á réttindum og ábyrgð hvors aðila, þar sem foreldrar og kennarar hafa réttindi jafnt sem skyldur. Rannsóknir<sup>11</sup> í fjöldamörgum löndum hafa sýnt svo ekki verður um villst að gott samstarf heimila og skóla er einhver virkasta leið til að auka vellíðan nemenda og bæta námsárangur. Foreldrar hafa mest áhrif á menntun barna sinna.

Árangur skóla- og æskulýðsstarfs verður ekki aukinn nema foreldrar verði þátttakendur í menntun og starfi barna sinna. Til að auka þátttöku og ábyrgð foreldra í skólastarfi vill Vestmannaeyjabær hafa forgöngu um að gerð verði tilraun með stjórn við hvern skóla sem skipuð er þremur fulltrúum foreldra sem þeir kjósa úr foreldrahópi viðkomandi skóla og tveimur fulltrúum kennara. Stjórnunum er ekki ætlað að koma í stað skólamálaráðs heldur að vera skólastjóra til ráðgjafar við stefnumótun og rekstur. Hlutverk þeirra er að fylgjast með skólarekstrinum og faglegu starfi.



## Lýðræðisleg þátttaka

Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar og er ætlað að efla gagnrýna hugsun hjá einstaklingum og hæfileika til að bregðast við nýjum aðstæðum.<sup>12</sup> Eitt af meginhlutverkum skóla er að búa nemendur sem best undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Forsenda þess er meðvitaður og ábyrgur einstaklingur sem hefur til að bera víðsýni, virðingu fyrir skoðunum annarra, sjálfsöryggi, gagnrýna hugsun, hæfni til að meta menningarleg gildi, vilja til að sækjast sífellt eftir aukinni þekkingu og beitir öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Í skólalöggjöf hefur um langan tíma verið lögð áhersla á að miðla lýðræðislegum gildum til nemenda og búa þá með þeim hætti sem best undir líf og starf. En slík miðlun gerist ekki aðeins í því formi að kennari fræði nemandann heldur er mikilvægt að honum gefist tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku í skólastarfinu. Í aðalnámskrá leikskóla segir að kenna eigi börnum lýðræðisleg vinnubrögð, þau skuli taka þátt í áætlanagerð, ákvörðunum og mati.<sup>13</sup> Aðalnámskrá grunnskóla leggur áherslu á að nemendur fái tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar í rituðu og mæltu máli. Þar segir ennfremur að þeir þurfi að geta látið skoðanir sínar í ljós, verið óhræddir við breytingar og geti borið ábyrgð á gerðum sínum.<sup>14</sup>

Mikilvægt er að þeir þrír hópar sem mynda skólasamfélag hvers skóla, kennarar, nemendur og foreldrar, vinni vel saman við mótun þess og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Hlusta verður á raddir nemenda þannig að þeir upplifi sig sem gilda meðlimi skólasamfélagsins.

Við gerð skóla- og æskulýðsstefnu Vestmannaeyjabæjar hefur áhersla verið lögð á sjálfstæði skóla og æskulýðsfélaga. Því eru ekki sett fram nákvæm fyrirmæli né dregnar upp leiðir að markmiðum. Stefnunni er ekki ætlað að hafa nákvæma stjórn á innra starfi en hún dregur upp eftirsóknarverð markmið og áherslur er búið geta börnum og unglungum heilbrigð uppvaxtarskilyrði er eftirsóknarverð þykja fyrir framtíðarþætti í Vestmannaeyjum. Hlutverk fagfólks skólanna, starfsmanna æskulýðsfélaganna, foreldra og nemenda sjálfra er að finna leiðir að markmiðunum.

Hafa ber í huga að breytingar á innri og ytri aðstæðum gera það að verkum að stöðugt þarf að endurmeta framtíðarsýn og markmið skóla- og æskulýðsstefnu, innleiðingu hennar og framkvæmd. Mat á frammistöðu og leiðréttingaraðgerðir eru bæði upphaf og endir stefnumótunarferlis.





## FRAMTÍÐARSÝN

Í skóla- og æskulýðsstarfi í Vestmannaeyjum eru þarfir barna og unglunga, heilbrigði þeirra, vellíðan og lífshamingja höfð að leiðarljósi. Áhersla er lögð á virðingu, umhyggju, samstöðu og samkennd. Börn og unglingar eiga að hafa aðgang að fjölbreytilegum viðfangsefnum í samræmi við þroska sinn og áhuga. Starf skóla og æskulýðsfélaga byggir á jöfnum tækifærum til náms og þroska, þar sem ríkir metnaður og væntingar gerðar um mikinn árangur fyrir hvern einstakling. Áherslu ber að leggja á gott samstarf við heimili því virk þátttaka foreldra í námi og starfi barna og unglunga skiptir sköpum um árangur.


Starf með börnum og unglungum á að grundvallast á lýðræðislegum starfsháttum með dreifðri forystu og ábyrgð. Mikilvægt er að stjórnendur og starfsmenn skóla og æskulýðsfélaga hafi skýra framtíðarsýn um nám og uppeldi sem einkennist af fagmennsku. Stjórnendur vinna markvisst að því að laða að hæft og vel menntað starfsfólk og hlúa að starfsþróun þess. Sérkenni Vestmannaeyja og aðstæður skulu skipa veglegan sess í starfi skóla og æskulýðsfélaga.

**Mikilvægt er að stjórnendur og starfsmenn skóla og æskulýðsfélaga hafi skýra framtíðarsýn um nám og uppeldi sem einkennist af fagmennsku.**

## HLUTVERK

*Skólar og æskulýðsfélög í Vestmannaeyjum gegna því hlutverki í samvinnu við heimilin að:*

- Skapa öllum börnum og unglungum bestu aðstæður til náms og þroska.
- Búa börn og unglunga undir virka þátttöku í samfélagi er tekur tillit til mismunandi sjónarmiða, menningar og gilda hins daglega lífs.
- Styrkja sjálfsvitund barna og unglunga og stuðla að heilbrigðu líferni þeirra.



## MARKMIÐ

Skólamálaráð og menningar- og tómstundaráð Vestmannaeyja fara með stjórnun skóla- og æskulýðsmála samkvæmt gildandi ákvæðum bæjarmálasamþykktar. Í starfi nefndanna og þeirra stofnana og æskulýðsfélaga er undir þær heyra skulu eftirfarandi markmið höfð að leiðarljósi.

### Forysta og lýðræðisleg þátttaka

**Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að:**

- Skólar Vestmannaeyja séu sjálfstæðar stofnanir sem beri faglega og fjárhagslega ábyrgð og leysi sjálfir flest viðfangsefni sem upp koma í daglegu skólastarfi undir forystu skólastjórnenda.
- Skólastjórnendur sinni faglegri forystu í sínum skóla og gæti þess að jafnvægi ríki á milli faglegrar forystu og þeirra þátta starfsins er lúta að stjórnsýslu og rekstri.
- Skólar Vestmannaeyja semji skólanámskrár þar sem mörkuð er stefna og sett viðmið um alla meginþætti skólustarfsins og lagður grundvöllur að sjálfsmati skólanna.
- Kennurum og öðrum starfsmönnum verði falin ábyrgð og þátttaka í þróun skólustarfs og starfsumhverfis. Jafnframt verði foreldrum gefinn kostur á aðild að því starfi.
- Próaðar verði sjálfsmatsaðferðir sem tryggja að allir starfsþættir séu metnir með reglulegu millibili, niðurstöður matsins séu



kynntar og nýttar til leiðsagnar við þróunarstarf í skólum og æskulýðsmálum.

- Skólum bæjarins og æskulýðsfélögum standi til boða sérfræðipjónusta og reglulegar ytri úttektir á starfi sínu að hluta eða í heild.
- Skólum bæjarins standi til boða hvatning og stuðningur í formi ráðgjafar, tíma og fjármagns til að ráðast í þróunar- eða rannsóknarverkefni.
- Æskulýðsfélög geri starfsáætlanir þar sem starfi og markmiðum er lýst og lagður grundvöllur að endurmati starfseminnar.
- Lögð verði áhersla á lýðræðislega þátttöku nemenda með því að leita sjónarmiða þeirra og taka tillit til óska þeirra við ákvarðanir um málefni sem snerta þá beint.
- Íþróttafélög vinni skipulega skv. viðmiðum ÍSÍ um fyrirmyndarfélög.

### Nám og kennsla

**Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að:**

- Skóla- og æskulýðsstarf leggi grunn að sjálfstæðri hugsun og eflni hæfni barna og unglunga til samstarfs við aðra.
- Nemendur njóti góðrar, alhliða menntunar og skynji væntingar um árangur og fái hvatningu til náms.
- Nemendur öðlist jákvæða sjálfsmynd, læri að vinna með og tjá tilfinningar sínar, tileinki sér sjálfsaga og frumkvæði.
- Nemendur njóti jafnra tækifæra til náms og þroska með fjölbreyttum námstækifærum, kennsluháttum og framboði æskulýðsstarfs.
- Gætt verði að ólíkum þörfum drengja og stúlkna í námi og starfi.
- Nemendum verði kennt að gera eigin námsáætlanir í samstarfi við kennara.
- Nemendur læri um eðli og gildi siðferðisdyggða, s.s. traust, heiðarleika, umhyggju, umburðarlyndi og virðingu og temji sér þær í leik og starfi.
- Sérhver nemandi fái hvatningu til bók-, list- og verknáms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Sérstaklega skal stutt við þróunarverkefni í verk- og listgreinum.
- Áhersla verði lögð á að efla með nemendum lestrarfærni, lesskilning og áhuga á bóklestri og lestrarkennslu verði sinnt á öllum stigum grunnskólans.
- Áhersla verði lögð á að börn af erlendum uppruna fái markvissa íslenskukennslu í leik- og grunnskóla.
- Fjölbreytt námsmat verði viðhaft í skólustarfi og það markvisst nýtt til leiðsagnar við skipulag kennslu og þróunar kennsluhátta.

## Náms- og starfsumhverfi


*Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að:*

- Í skóla og æskulýðsstarfi verði stöðugt unnið að bættum skilyrðum til náms, starfs og leiks þar sem börn og unglingar starfa án aðgreiningar.
- Náms- og starfsumhverfi barna og ungmenna verði vistlegt, fjölbreytt og vel búið og umhverfi skóla og æskulýðsstarfs aðlaðandi og hvetjandi.
- Gætt verði að sérstöðu Vestmannaeyja, náttúrufari, sögu og menningu, í námi og starfi.
- Nýttur verði menningarlegur fjölbreytileiki sem samfélagið býr yfir til náms og kennslu allra barna þar sem áhersla er lögð á að borin sé virðing fyrir öllum einstaklingum, ólíkri menningu og siðum.
- Komið verði á samfellu í starfsemi skóla og æskulýðsfélaga þannig að vinnudagur nemenda skiptist í bóklegt nám, verklegt nám, iðkun lista, leik og tómsundastarf.
- Í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum verði skapað svigrúm fyrir nemendur að ljúka grunnskóla fyrr eða hefja nám í einstöku námsáföngum á framhaldsskólastigi samhliða grunnskólanámi.
- Aðgengi fatlaðra að skóla-, íþrótt- og æskulýðshúsnæði bæjarfélagsins verði tryggt.
- Komið verði á virkum tengslum skóla og æskulýðsfélaga við atvinnu- og menningarlíf í samfélaginu.
- Íþróttafélög vinni markvisst með unglungum sem vilja annað en keppnisíþróttir.

## Heilsa og líðan

*Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að:*

- Nemendur njóti öryggis og vellíðunar í skólum og æskulýðsstarfi.
- Í öllu uppeldisstarfi í Vestmannaeyjum verði lögð áhersla á hreyfingu, nægan svefn, og hollt mataræði.
- Markvisst verði unnið að forvörnum og börn og unglingar fái fræðslu um holla lífshætti og skaðsemi tóbaks og annarra vímuefna.
- Skólar og æskulýðsfélög í Vestmannaeyjum móti forvarnarstefnu sína, gæti þess að hún sé haldin í heiðri og geri áætlanir um viðbrögð við frávikum.
- Útivistartími verði í heiðri hafður og starf skóla og æskulýðsfélaga fari fram í samræmi við reglur um hann.
- Skólamáltíðir séu í samræmi við kröfur um hollustu og heilbrigði og nemendur hafi greiðan aðgang að góðu drykkjarvatni.



- Unnið verði með viðfangsefni sem varða sjálfsþekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl.

## Samskipti

*Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að:*

- Skólar og æskulýðsfélög efli samskiptafærni meðal barna og unglinga.
- Skólar og æskulýðsfélög móti stefnu um þátttöku foreldra í námi og starfi barna sinna og hlutist til um að starfandi verði virk foreldrafélög og/eða foreldraráð.
- Áhersla verði lögð á gagnkvæmt samstarf á milli heimila, skóla og æskulýðsfélaga sem byggir á trausti, virðingu og gagnkvæmu upplýsingastreymi.
- Skólar skapi aðstöðu fyrir foreldra til félagslegra samskipta, tómstundastarfs og vinnu með börnum sínum innan veggja skóla.
- Fræðslufirvöld, skólar og æskulýðsfélög bjóði foreldrum námskeið og fræðslufundi er styrkt geta þá í hlutverki sínu.
- Markvisst verði unnið að aukinni þátttöku foreldra í skólastarfi.

## Ræktun mannauðs

*Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að:*

- Skólar og æskulýðsfélög í Vestmannaeyjum séu stofnanir þar sem gerðar eru kröfur um menntun til starfa. Að því skal gætt að þær hafi ávallt á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki.



- Stutt verði við þá sem vilja mennta sig til kennslu, umönnunar- og æskulýðsstarfa í Vestmannaeyjum og stöðugt unnið að endurmenntun starfsfólks á grundvelli áætlana skóla og æskulýðsfélaga.
- Sérþekking starfsmanna skóla og æskulýðsfélaga verði virkjuð og nýtt með markvissum hætti, inn á við sem út á við.
- Árangur í starfi, vinnubrögð og starfshættir verði metnir og endurskoðaðir reglulega.
- Skólar og æskulýðsfélög verði samfélög þar sem nemendur, kennarar og starfsfólk læra og markvisst verði unnið að því að skapa liðsheild sem einkennist af samvinnu, samhjálp og samábyrgð.

# ÁHERSLUR

Til þess að skapa skólum og æskulýðsfélögum þá umgjörð og innri skilyrði að þau megi ná markmiðum skólastefnu Vestmannaeyja mun Vestmannaeyjabær vinna að eftirfarandi þáttum.

## Börn og unglingar

**Vestmannaeyjabær mun vinna að því að:**

- Stofna til ungmennaráðs í Vestmannaeyjum sem hefur það hlutverk að koma fram sem talsmaður unglinga. Ráðið hefur það hlutverk að leggja mat á tillögur og stefnumótandi þætti er varða mál barna og unglinga. Þá getur ráðið gert tillögur til bæjaryfirvalda að umbótum er varða æskulýðsmál. Ungmennaráð getur leitað aðstoðar æskulýðsfulltrúa við starfsemi sína
- Stuðla að öflugum samstarfi skólastiga og skóla. Skapa svigrúm á unglingsstigi svo nemendur geti lokið grunnskóla fyrr eða hafið nám í áföngum á framhaldsskólastigi meðfram grunnskólanámi.
- Bjóða nemendum upp á aðstoð við heimanám og aðra námsaðstoð í samræmi við þarfir þeirra.

## Rannsóknir og mat

**Vestmannaeyjabær mun vinna að því að:**

- Efla rannsóknir á skóla- og æskulýðsstarfi í bænum, t.d. með því að hvetja kennara til rannsókna á eigin starfi og styrkja rannsóknar- og/eða þróunarverkefni á sviði skóla- og æskulýðsmála í Vestmannaeyjum.
- Leggja reglubundið fyrir viðhorfskannanir og aðrar kannanir sem nauðsynlegar eru til að meta gæði skóla- og æskulýðsstarfs í bæjarfélaginu, kynna niðurstöður og leggja fram tillögur til úrbóta.
- Hlutast til um að leitað verði skýringa á brottfalli nemenda úr námi og æskulýðsstarfi og að unnið verði að því að ráða bót þar á.

## Rekstur skóla og æskulýðsfélaga

**Vestmannaeyjabær mun vinna að því að:**

- Úthluta fjármagni til skóla á hvern nemanda í samræmi við þar til gert reiknilíkan sem bæjaryfirvöld ákveða.
- Sjá til þess að ávallt sé í boði leikskólanám fyrir öll börn frá tólf mánaða aldri til sex ára – eða þar til nám í grunnskóla hefst.
- Stefna að gjaldfrjálsum leikskóla.
- Leita leiða til að auka fjölbreytni í verknámi í grunnskóla bæjarins, t.d. í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og aðra aðila.

- Hafa, auk tónlistarnáms, til boða aukið úrval námskeiða á listasviði í Listaskóla Vestmannaeyja.
- Bjóða upp á forskólanám tónlistarskóla sem hluta af starfsemi leik- og grunnskóla.
- Gera samning við æskulýðsfélög um þjónustu við börn og ungmenni. Í þeim samningi verði kveðið á um fjárframlög, menntun og þjálfun þjálfara og leiðbeinenda, um forvarnar- og uppeldisstefnu, og hvernig henni verður fylgt eftir.

## Samráð – samvinna

**Vestmannaeyjabær mun vinna að því að:**

- Koma á samráðsvettvangi foreldrafélaga leikskóla, foreldra ráða grunnskóla og foreldraráða æskulýðsfélaga. Hlutverk þessa vettvangs er að stuðla að umræðu og fræðslu meðal foreldra um skóla-, uppeldis- og æskulýðsmál. Skólamálaráð og menningar- og tómstundaráð fundi a.m.k. tvisvar á ári með aðilum auk fulltrúa frá félagsþjónustu, heilsugæslu, félagsmiðstöð og lögreglu.
- Skapa samráðsvettvang skóla og æskulýðsfélaga þar sem aðilar vinna að sameiginlegum stefnu- og skipulagsmálum, s.s. varðandi forvarnir, og tryggja nemendum jafnframt sem fjölbreyttast framboð hvers konar tímstunda og besta samfellu í námi og leik. Leitað verði eftir þátttöku fulltrúa nemenda og foreldra í þessu samráði.
- Halda árlegt stefnuþing þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í starfi skóla og æskulýðsfélaga í bæjarfélaginu á hverjum tíma og auka þannig möguleika foreldra og annarra til að koma á framfæri skoðunum á stefnu og starfsaðferðum skólanna og æskulýðsfélaganna.
- Stofna sérstakt forvarnarráð sem leitt er af starfsmönnum bæjarfélagsins og hefur það hlutverk að fylgja eftir forvarnarstefnu Vestmannaeyjabæjar.



## Sérfræðipjónusta

**Vestmannaeyjabær mun vinna að því að:**

- Efla ráðgjafapjónustu Fræðslu- og menningarsviðs.
- Tryggja að skólastjórnendur og starfsmenn skóla hafi aðgang að faglegri handleiðslu og ráðgjöf og eigi vísan stuðning í starfi.
- Stuðla að því að foreldrar hafi greiðan aðgang að fagfólki til aðstoðar við þau verkefni sem ekki er á færi starfsmanna skólanna eða foreldra að vinna úr.
- Koma á skýrum vinnureglum um aukna samvinnu ráðgjafa sérfræðipjónustu skóla og félagspjónustu og hvernig vinna skal með niðurstöður greininga sérfræðinga í stoðpjónustu skólanna.

## Stjórnir skóla

**Vestmannaeyjabær mun vinna að því að:**

- Koma á stjórn við hvern skóla sem er skólastjórum til ráðgjafar við stjórnun skólanna. Þær skulu skipaðar þremur fulltrúum foreldra og tveimur fulltrúum kennara sem kjörnir eru af hvorum hópi um sig í hverjum skóla. Hlutverk stjórnanna er að fylgjast með skólarekstrinum og faglegu starfi og vera tengiliður foreldra og kennara við stefnumótun. Stjórnunum verði sett erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um kjör þeirra, umboð, verksvið og hlutverkaskipan.

- 
- 1 Lög um leikskóla nr. 78/1994, gr. 10. Lög um grunnskóla nr. 66/1995, gr. 12.
  - 2 Aðalnámskrá tónlistarskóla, almennur hluti. 2000. Menntamálaráðuneytið.
  - 3 Ólafur Proppé. 1992. Kennarafræði, fagmennska og skólastarf. *Uppeldi og menntun* 1(1):226.
  - 4 Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 1999. Menntamálaráðuneytið.
  - 5 Rúnar Sigþórsson. 2004. Hún er löng, leiðin til stjarnanna. Þarfir nemenda, starfsþróun og skólaþróun. *Netla*, vef tímarit Kennaraháskóla Íslands.
  - 6 Ólafur Proppé. 1992. Kennarafræði, fagmennska og skólastarf. *Uppeldi og menntun* 1(1):227.
  - 7 Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. 1998. *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
  - 8 Menntamálaráðuneytið. 2003. *Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi. Skýrsla nefndar og tillögur*. Bls. 5.
  - 9 Trausti Þorsteinsson o.fl. 2005. *Skóla- og æskulýðsmál í Vestmannaeyjum – Matsskýrsla*. Bls. 115.
  - 10 Aðalnámskrá grunnskóla, listir. 1999. Menntamálaráðuneytið.
  - 11 Swap, S.M. 1993. *Developing home-school partnerships. From concepts to practice*. London, Teacher College Press.
  - 12 Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 1999. Menntamálaráðuneytið.
  - 13 Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið.
  - 14 Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 1999. Menntamálaráðuneytið.



Ábyrgðarmaður: Andrés Sigurvinsson  
Ljósmyndir: Andrés Sigurvinsson, bls. 10, 16 og 23  
Guðmundur Sigfússon, bls. 3 og 21  
Erna Fannbergsdóttir, forsiðumynd  
Sigurgeir Jónasson, bls. 7  
Hönnun, umbrot og myndskreytingar: Hvíta húsið

SAMVINNA  
ÁBYRGÐ  
FJÖLBREYTILEIKI  
VELLÍÐAN  
ÁRANGUR  
SAMVINNA  
ÁBYRGÐ  
FJÖLBREYTILEIKI  
VELLÍÐAN

